

Fundur í æskulýðs- og íþróttanefnd.

47. fundur

15. janúar 2014

Mættir: Helga Guðmundsdóttir, Guðfinna Rúnarsdóttir, Einar Gunnarsson, Sara Hjörleifsdóttir, Vignir Sveinsson og Helga Sveinsdóttir.

1. Vignir fór yfir viðhald og starfsmannamál íþróttamiðstöðvarinnar. Næsta verkefni er að skipta um sturtur niðri í íþróttahúsinu og skipta um ljós í salnum. Hann er búinn að gera bæjarstjóra ljóst að skipta þarf um parket innan 5 ára. Nefndin óskar eftir svörum um hvort bæjaryfirvöld séu farin að huga að þessum málum.

Helga G. spurði um hvernig gengi að nota hliðið inn í sundlaugina og segir Vignir að það gangi vel að flestu leyti þó einhverjir kvarti en þau þjóna tilgangi sínum að fólk skilar lyklunum eftir notkun.

Á óskalistanum eru gufubað og útiklefar.

Engar stórar útleigur hafa verið á salnum undanfarið, ekki síðan ballið með Páli Óskari var á Dönsku dögnum.

Ágætlega hefur tekist að ráða í þær stöður sem losna.

Vignir vill koma til móts við þær tillögur að hækka ekki verðskrána en leggur samt til að einstaklingsgjald verði hækkað. Hugmyndir um að hafa fjölskyldugjald fyrir fjölskyldur sem dvelja í bænum. Ýmsar umræður spunnust.

Páll Margeir Sveinsson er tilbúinn að taka að sér umsjón yfir íþróttavallarins eins og undarnfarin sumur og líst Vigni vel það.

Áhættumat sundastaða til framtíðar átti að vera tilbúið 1. janúar en það er ekki tilbúið.

Forstöðumönnum er ætlað að gera matið en Vignir óskar eftir að fagmaður taki þátt í því með sér. Nefndin telur þörf á skjótri lausn málsins.

2. Guðfinna fór yfir starfsemi X-ins. Haustið byrjaði með að mála húsið að innan. Mætingin hefur verið nokkuð góð og starfsemin aðallega falist í spila- og föndurkvöldum.
Rætt töluvert um gesti félagsmiðstövarinnar sem eru miserfiðir og væri oft gott að hafa meiri vitneskju um suma. Rætt um hvernig væri best að haga þeim málum, teymisfundir um einstaka krakka?
Erfitt hefur reynst að fá að halda ball upp í tónlistarsal en X-ið heldur ball á morgun 16/1 upp að Skildi fyrir allt Vesturland.
Mikil óánægja er með húsnæðið sem er mjög takamarkað fyrir starfsemi félagsmiðstöðvar, t.d. er ekki hægt að hafa sjoppu á staðnum, engin geymsla er til staðar osfrv.
Einnig telur nefndin afar mikilvægt að fleiri en einn starfsmaður sé ráðinn til að starfa við félagsmiðstöðina þar sem það er mjög erfitt að vera einn á vakt og skipuleggja starf fyrir unglínga .
3. Áramótabrenna var haldin á þrettándanum en tómsstundafulltrúinn sá um hana. Ýmislegt klikkaði t.d. hljóðkerfið, fáir komu í búning osfrv.

4. Nefndin hvetur bæjaryfirvöld að halda áfram að gera upp skólalóðina og endurgera aðra leikvelli í bænum.
5. Nefndin gerir tillögu um kaup á námskeiðinu „Verndum þau“ sem fjallar um hvernig bregðast eigi við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglingum. Lagt er til að námskeiðið yrði haldið á starfsdögum fyrir skólabyrjun haustið 2014.
6. Áskorun sem samþykkt var á sambandsþingi UMFÍ Stykkishólmi haustið 2013 verði send í Stykkishólmspóstinn en hún snýst um að ganga til og frá tómsunda- og íþróttamannvirkjum.

Fundi slitið.

Helga Guðmunds. (sign)

Guðfinna Rúnars. (sign)

Einar Gunnars. (Sign)

Sara Hjörleifsd. (sign)

Vignir Sveins. (Sign)

Helga Sveinsd. (Sign)